

Mál nr. 118/2021

**M og
V v/ ábyrgðartrygginga ökutækjanna
A og B**

Árekstur á bifreiðastæði Kringlunnar 27. febrúar 2021.**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur V til nefndarinnar, dags. 14. apríl 2021 ásamt tölvupósti með framburði ökumanns B dags. 28. mars 2021.

Málsatvik.

Í málinu liggja fyrir tvær tjónstilkynningar, önnur undirrituð af M sem ökumanni bifreiðar A þar sem kemur fram að hann hafi verið kyrrstæður á bílastæði Kringlunnar þegar bifreið B hafi verið ekið aftur á bak á bifreiða A. Nánar tiltekið segist M hafa ekið aftur á bak um einn metra út úr stöðureit og beðið eftir að komast lengra þegar ökumaður bifreiðar B hafi ekið á bifreið sína. Ökumaður bifreiðar B kveðst í sinni skýrslu hins vegar hafa verið að fara að leggja í stæði og ætlað að laga bifreið sína með því að aka aftur á bak og þá hafi ökumaður bifreiðar A hafa byrjað að aka aftur á bak og þau hafi bakkað á hvort annað.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B og lýsir samskiptum sínum við hana á vettvangi þar sem hún hafi gengist við því að bakka á bifreið hans, bifreið A eins og hún er nefnd í þessu máli. Daginn eftir hafi M verið í samskiptum við föður ökumanns bifreið B og eftir að skýrslu hafi verið skilað af hennar hálfu þá hafi komið í ljós að atvikum hafi verið lýst með öðrum hætti. M telur framburður í skýrslu ökumanns B rangan og vísar til þess að ákoma á hans bifreið styðji að hún hafi verið kyrrstæð við áreksturinn.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir í tengslum við málskotið en kemur á framfæri athugasemdum sem sendar voru til félagsins f.h. ökumanns bifreiðar B. Þar kemur fram að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak þegar árekstur varð og farþegi geti staðfest frásögn hennar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að verulegur ágreiningur er um aðdraganda áreksturs milli ökmanna bifreiða A og B. Ekki varð gerð tjónsskýrsla á vettvangi, eða kallaður til hlutlaus aðili til skýrslugerðar. Ekki liggja fyrir skýrslur af vitnum eða myndbandsupptaka sem getur staðfest skýrslu annars ökumanns frekar en hins. Ekki verður heldur með vissu ráðið af ákomum bifreiðanna að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ekki er því annað unnt en að leggja til grundvallar að hvorugur ökmanna hafi sýnt næga aðgát við akstur aftur á bak á bifreiðastæði Kringlunnar í greint sinn og verður að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli eigenda ökutækjanna A og B

Reykjavík, 4. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.